



03. október 2024

Tilv.: 2406067

Dreifibréf nr: 25/2024

Til: Samtaka fyrirtækja í fjármálapjónustu, verðbréfafyrirtækja, lánastofnana og leyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi mat á tilhlýðileika og fjárfestingarþjónustu sem er undanþegin tilhlýðileikamati

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um tiltekin atriði varðandi mat á tilhlýðileika og fjárfestingarþjónustu sem er undanþegin tilhlýðileikamati (e. Execution-only). ([ESMA35-43-3006](#); Guidelines on certain aspects of the MiFID II appropriateness and execution-only requirements). Viðmiðunarreglurnar öðluðust gildi innan ESB hinn 12. nóvember 2022.

Viðmiðunarreglurnar beinast að verðbréfafyrirtækjum og lánastofnunum þegar fjárfestingarþjónusta án ráðgjafar er veitt, og leyfisskyldum rekstraraðilum sérhæfðra sjóða þegar veitt er þjónusta sem felst í móttöku og miðlun fyrir mæla. Með fjárfestingarþjónustu án ráðgjafar er átt við fjárfestingarþjónustu í skilningi 16. tölul. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga¹, aðra en fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu, auk sölu á samsettum innstæðum. Fjárfestingarþjónusta undanþegin tilhlýðileikamati (e. Execution-only) vísar til þjónustu sem uppfyllir skilyrði 5. mgr. 45. gr. laga nr. 115/2021.

Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að meiri samleitni í túlkun á ákvæðum er varðar mat á tilhlýðileika og hvenær þjónusta er undanþegin tilhlýðileikamati.

Viðmiðin eru nánari útfærsla á 3. og 4. mgr. 25. gr. MiFID2 tilskipunarinnar og einnig 55.-57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565. Þá eiga viðmiðunarreglurnar einnig við í tengslum við 2., 5. og 7. mgr. 16. gr. MiFID2 tilskipunarinnar og 21., 72. og 76. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 svo og 1., 4. og 5. mgr. 24. gr. og 1., 5. og 6. mgr. 25. gr. MiFID2 tilskipunarinnar að svo miklu leyti sem þau varða mat á tilhlýðileika.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 25. gr. MiFID2 tilskipunarinnar eru innleidd í 45. gr. laga nr. 115/2021. Þar er fjallað um skyldur verðbréfafyrirtækja til að framkvæma mat á tilhlýðileika þegar veitt er fjárfestingarþjónusta sem fellur ekki undir 44. gr. laganna. Ákvæði 2., 5. og 7. mgr. 16. gr. MiFID2 tilskipunarinnar eru innleidd í 21. og 22. gr. laganna. Þar er fjallað um skipulags- og vörupróunarkröfur.

¹ Lög 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2014/65/ESB](#) um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun [2002/92/EB](#) og tilskipun [2011/61/ESB](#) (MiFID2) í íslenskan rétt. Reglugerð (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun var innleidd með lögnum, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. þeirra.

Í 55. til 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sem hefur lagagildi hér á landi skv. 1. mgr. 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, er nánar fjallað um mat á tilhlýðileika², skráningarskyldur í tengslum við það og veitingu þjónustu með einfalda gerninga.

Fjármálaeftirlitið mun hafa hliðsjón af viðmiðunarreglunum við eftirlit með því hvort eftirlitsskyldir aðilar uppfylli kröfur framangreindra ákvæða laganna, þ.m.t. framseldu reglugerðarinnar.

Kaflaskipting og helstu efnisatriði viðmiðunarreglnanna eru, án tæmandi talningar, eftirfarandi:

1. Upplýsingar til viðskiptavina um tilgang mats á tilhlýðileika og um veitingu á þeirri þjónustu sem er undanþegin tilhlýðileikamati (e. Information to clients about the purpose of the appropriateness assessment and about execution-only).
 - Viðskiptavinir ættu að vera upplýstir um, að það sé í þeirra þágu að veita nákvæm og tæmandi svör við spurningum, ferlið þegar fyrirtæki framkvæmir ekki mat á tilhlýðileika, ýmist þegar ekki eru veittar nægar upplýsingar eða þegar skilyrði undanþágu frá því eru uppfyllt og muninn á framkvæmd viðskiptafyrirmæla með eða án ráðgjafar.
2. Þekktu viðskiptavininn og vöruna (e. Know your client and know your product)
 - Spurningarnar í tilhlýðileikamati ættu að vera skýrar, tæmandi og skiljanlegar og forðast villandi, ónákvæm og óhófleg tæknimál og skammstafanir. Þá er einnig mikilvægt að viðskiptavinur geti upplýst fyrirtækið að hann viti ekki hvernig skuli svara viðkomandi spurningu. Þá skal einnig gæta þess að ekki sé eingöngu um að ræða sjálfsmat viðskiptavinar á eigin þekkingu, heldur skal einnig notast við hlutlæga mælikvarða, í því skyni að ná fram raunverulegri þekkingu og reynslu viðskiptavinar.
 - Mikilvægt er að tryggja að ekki sé hægt að sniðganga kröfur um mat á tilhlýðileika og að upplýsingarnar sem viðskiptavinur veitir endurspeglir þekkingu hans og reynslu með fullnægjandi hætti. Til dæmis með því að takmarka fjölda skipta sem viðskiptavinur getur svarað spurningalista innan ákveðins tíma eða nota mismunandi spurningalista þegar viðskiptavinur biður um að svara aftur.
3. Umfang upplýsinga sem aflu skal frá viðskiptavinum (e. Extent of information to be collected from clients (proportionality)).
 - Þegar verið er að selja flóknar eða áhættusamar afurðir ætti að íhuga vandlega hvort nauðsynlegt sé að biðja um ítarlegri upplýsingar um þekkingu og reynslu viðskiptavinarins til að tryggja m.a. að viðskiptavinurinn skilji hvað það sé sem geri afurðina flókna og/eða áhættusama. Sama á við um þjónustu með sérstökum eiginleikum.

² Athugið að ákveðið misræmi er hugtakanotkun á milli laga nr. 115/2021 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565. Í framseldu reglugerðinni er notast við hugtakið hentugleikamat, en í lögnum er fjallað um tilhlýðileikamat. Í bréfinu verður talað um hið síðarnefnda.

4. Áreiðanleiki upplýsinga frá viðskiptavinum (e. Reliability of client information)
 - Miða ætti að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga frá viðskiptavinum með réttmætum ráðstöfunum, í stað þess að gera ráð fyrir því að viðskiptavinir veiti réttar og uppfærðar upplýsingar. Einnig ætti að skoða veittar upplýsingar sem eina heild og vera vakandi fyrir misræmi.
5. Uppfærsla á upplýsingum frá viðskiptavinum (e. Relying on up-to-date client information)
6. Upplýsingar frá viðskiptavinum í tilviki lögaðila eða hópa (e. Client information for legal entities or groups)
7. Þekking á fjárfestingarafurðum (e. Arrangements necessary to understand investment products).
8. Samræmi í mati á tilhlýðileika (e. Arrangements necessary to ensure a consistent appropriateness assessment).
 - Stefnur og verklag í tengslum við tilhlýðileikamat ættu m.a. að tryggja að tekið sé tillit til allra nauðsynlegra upplýsinga sem aflað er um þekkingu og reynslu viðskiptavinarins, sem og alla eiginleika og áhættur afurðarinnar.
 - Skilgreina og skjalfesta ætti viðeigandi aðferðarfræði sem notuð er til að ákvarða niðurstöður í tilhlýðileikamati. Þegar notast er við skilgreint stigakerfi til að flokka og meta tilhlýðileika ætti aðferðafræðin, mælikvarðar og formúlan að vera skýr, ótvíræð og skjalfest.
9. Virkni viðvarana (e. Effectiveness of warnings).
10. Hæfniskröfur starfsfólks (e. Qualifications of firm staff).
11. Skráning og varðveisla gagna (e. Record-keeping).
 - Viðmiðunarreglan veitir nánari leiðbeiningar um skyldur fyrirtækja að halda skrá um tilhlýðileikamat, skv. 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.
12. Afmörkun aðstæðna þar sem tilhlýðileikamats er krafist (e. Determining situations where the appropriateness assessment is required).
 - Nauðsynlegt er að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að tilhlýðileikamat sé framkvæmt þegar þess er þörf og hvenær framkvæma eigi mat á hæfi.
 - Fyrirtæki ættu m.a. að hafa til staðar verklagsreglur og eftirlit er varðar samskipti milli starfsfólks og viðskiptavina til að leiðbeina og skrá samskiptin og tryggja að það sé skýr greinarmunur gerður á milli viðskipta með og án ráðlegginga annars vegar og hins vegar á milli viðskipta sem falla undir undanþágu um framkvæmd tilhlýðileikamats og önnur þjónusta án ráðlegginga.
13. Stjórnþæki (e. Controls).

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESA reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnana og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana og starfsleyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hafa staðfestu hér á landi að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Inga Dröfn Benediktsdóttir
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

